



Breytingar á samþykkt um öldungaráð

Í minnisblaði þessu koma fram þær breytingar sem lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja á samþykkt um öldungaráð frá árinu 2015.

1. mgr. 2. gr.

Nýtt ákvæði

Öldungaráð fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Sett inn til að fá fram nánari skýringu á verksviði og lagastoð nefndarinnar.

3. gr.

Breyting

Miðað er við aldurinn 67 ára, en ekki 60 ára, eins og í eldri samþykkt.

Vísast hér til þess að lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, sem skipan öldungaráðsins byggir á, skilgreinir aldraða sem 67 ára og eldri. Inntökuskilyrði félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ er þó 60 ára aldur, og vinnur öldungaráðið þar af leiðandi að málefnum fólks 60 ára og eldri. Gert er þó ráð fyrir að miða við aldurinn 67 ára í samþykktunum, s.s. við skipan í ráðið.

1. mgr. 4. gr.

Breyting

Samþykkt frá 2015 gerði ráð fyrir níu fulltrúum, en sex þeirra væru skipaðir af félagi eldri borgara í Ísafjarðarbæ, og einn þeirra frá félagi eldri borgara í Önundarfirði. Tveir tilnefndir frá bæjarstjórn.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 125/1999 skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.

Með vísan til þessa er ákvæði samþykktanna uppfært þannig að öldungaráðið verði skipað 7 fulltrúum og jafnmörgum til vara, á eftirfarandi hátt, auk þess sem félög eldri borgara í sveitarfélaginu skulu skipa sameiginlega sína fulltrúa. Er hér jafnframt horft til þess að breytingar geta orðið á fjölda og staðsetningu einstakra félaga, og ekki talið rétt að nafngreina einstök félög í samþykktunum.

- *Þrír fulltrúar og þrír til vara tilnefndir af bæjarstjórn.*
- *Þrír fulltrúar og þrír til vara tilnefndir sameiginlega af félögum eldri borgara í Ísafjarðarbæ.*
- *Einn fulltrúi og einn til vara tilnefndur af heilsugæslunni.*

2. mgr. 4. gr.

Breyting

Í samþykkt frá 2015 var gert ráð fyrir að öldungaráð kysi sér sjálft formann og varaformann.

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 125/1999 segir að bæjarstjórn velji öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsráðsmanna. Er þessu ákvæði því breytt til samræmis.

1. mgr. 7. gr.

Breyting

Bætt er inn í ákvæðið að fundur með bæjarstjórn skuli haldinn að hausti. Er það sett inn til að skerpa á framkvæmd fundar með bæjarstjórn, og ætlað til að leggja línur nefndarmanna og bæjarfulltrúa fyrir fundi komandi vetrar, auk þess sem vel fer á því að á kosningaári hitti ný bæjarstjórn öldungaráðið við upphaf starfs vetrarins.

3. mgr. 7. gr.

Fellt út

Eftirfarandi málsgrein er tekin út: „*Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.*“

Horft er til þess að 4. mgr. 7. gr. samþykktanna vísar til fundarskapa í samþykktum um stjórn Ísafjarðabæjar. Í e. lið II. kafla 16. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar segir að heimilt sé að taka mál inn með afbrigðum á fundum samþykki 2/3 nefndarmanna það.

Talið er eðlilegt að sömu reglur gildi í öldungaráði og varðandi bæjarstjórn og aðrar fastanefndir. Verði ekki samþykkt að mál verði tekið inn með afbrigðum frestast afgreiðsla þess til næsta fundar.

Síðari ákvæði 7. gr. færast því ofar í röðina.

3. mgr. 8. gr.

Nýtt ákvæði

Fundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en umrætt trúnaðarákvæði á jafnframt við um fundi annarra fastanefnda.

10. gr.

Nýtt ákvæði

10. gr.

Greiðsla fyrir fundarsetu

Fulltrúar skipaðir af hálfu Ísafjarðarbæjar og fulltrúar skipaðir af hálfu félaga eldri borgara skulu fá greitt fyrir fundarsetu, fyrir allt að þrjá fundi á ári, auk eins fundar með bæjarstjórn. Jafnframt skulu fulltrúar, samkvæmt framangreindu, fá greiddan akstur vegna fundarsóknar, búi þeir í byggðakjörnum utan Skutulsfjarðar.

Greiðslur skulu taka mið af greiðslum fyrir nefndarmenn og formann nefndar, í fastanefndum Ísafjarðarbæjar, eins og þær eru samþykktar á hverjum tíma.

Síðustu misseri hefur öldungaráð óskað greiðslna fyrir fundarsetu, og var gert ráð fyrir greiðslum vegna fundarsetunnar í fjárhagsáætlun 2022 komi til samþykkt þessara breytinga. Ekki er því þörf á viðauka vegna málsins.

Greiðslur til nefndarmanna voru á árinu 2021 fyrir hvern fund voru kr. 39.305 (formaður) og kr. 19.653 (aðrir nefndarmenn). Greitt er kr. 120 kr./km fyrir akstur utan Skutulsfjarðar, en um er að ræða 44 km á Flateyri, 46 km á Suðureyri og 98 km á Þingeyri. Greiðslur uppfærast með hliðsjón af vísitölu á árinu 2022 (hægt er að fá fram nákvæmar tölur í lok janúar 2022 þegar vísistala er birt).

Starfsmaður fær ekki greitt sérstaklega fyrir fundarsetuna og greiðslur til fulltrúa heilbrigðisstofnunar eru inntar af hálfu HVEST.

Til upplýsinga eru núverandi aðal- og varamenn í öldungaráði, skipaðir skv. lögum um málefni aldraðra, eftirfarandi:

Aðalulltrúar félags eldri borgara á Ísafirði

Sigrún Camilla Halldórsdóttir

Guðný Sigríður Þórðardóttir

Varaulltrúar félags eldri borgara á Ísafirði

Smári Haraldsson

Finnur Magnússon

Aðalfulltrúi félags eldri borgara í Önundarfirði:

Guðmundur Hagalínsson

Varafulltrúi félags eldri borgara í Önundarfirði:

Óskipað

Aðalfulltrúar skipaðir af bæjarstjórn:

Auður Ólafsdóttir

Magnús Reynir Guðmundsson

Jóhanna Ásgeirsdóttir

Varafulltrúar skipaðir af bæjarstjórn:

Sigríður Magnúsdóttir

Karitas Pálsdóttir

Guðmundur Einarsson

Aðalfulltrúi skipaður af heilsugæslu:

Heiða Björk Ólafsdóttir

Varafulltrúi skipaður af heilsugæslu:

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Óskað er eftir því við bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar þessar á samþykkt um öldungaráð.

Jafnframt, og þar sem stutt er til sveitarstjórnarkosninga er lagt til við bæjarstjórn að formennska Sigrúnar Camillu Halldórsdóttur, formanns Félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ, verði staðfest út tímabilið, með formlegu vali bæjarstjórnar.

